

Aðalfundur Verkfræðingafélags Íslands haldinn í Verkfræðingahúsi að Engjateigi 9, 11. apríl 2019 og hófst kl. 17:05.

Fundinn sátu 42 félagar í VFÍ og nokkrir gestir.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu ári
2. Reikningar félagsins lagðir fram til samþykkis
3. Fjárhagsáætlun og ákvörðun félagsgjalda
4. Tillögur félagsstjórnar
5. Lýst kosningu stjórnar
6. Kjör endurskoðanda og skoðunarmanns
7. Lýst kosningu í stjórn Kjaradeildar félagsins
8. Lýst kosningu í stjórn Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi
9. Laun formanns og stjórnarmanna
10. Lagabreytingar
11. Reglugerð starfsmenntunarsjóðs VFÍ á almennum markaði
12. Önnur mál

Páll Gíslason, formaður VFÍ, setti fundinn.

Eiríkur Þorbjörnsson var kjörinn fundarstjóri og úrskurðaði fundinn lögmætan. Stakk hann upp á að Bjarni Guðmundsson yrði fundarritari og var það samþykkt.

Gunnar Hrafn Hall bað um orðið og taldi að lög VFÍ hefðu verið brotin í kosningum til formanns félagsins, með þeim hætti að einstaklingar gætu ekki boðið sig fram til formanns heldur yrði félagsmaður eða félagsmenn að gera skriflega tillögu um formann og einungis ein slík tillaga hafi borist en ekki tvær. Í fundarboði hafi þetta verið orðað þannig: „Tillögur félagsmanna og framboð vegna kosninga í stjórnir félagsins, þurfa að berast aðalstjórn VFÍ fyrir 15. febrúar“ og væri það ekki skv. texta laganna. Í 19. grein laga VFÍ stendur: „Stjórn tilkynnir félagsmönnum, eigi síðar en 1. febrúar, hverjir ganga úr stjórnnum á næsta aðalfundi og auglýsir eftir tillögum félagsmanna um stjórnarmenn í aðalstjórn og stjórnir Kjaradeildar og Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi. Tillögur félagsmanna skulu vera skriflegar og hafa borist stjórninni fyrir 15. febrúar.“

Arnlaugur Guðmundsson, formaður kjörstjórnar, tók til máls og las úr gjörðabók kjörstjórnar um að erindi hefði borist frá félagsmanni þessa efnis. Kjörstjórn hefði fjallað um málið, farið yfir allt ferlið, haft samráð við lögfræðing um túlkun texta í lagagrein 19 og síðan úrskurðað að löglega hefði verið boðað til aðalfundar og stjórnarkosninga og væri kosningin því lögleg.

Gunnar Hrafn Hall mótmælti þeim úrskurði og sagði formann kjörstjórnar vanhæfan þar sem hann hefði komið að samningu laganna. Lára V. Júlíusdóttir, lögfræðingur VFÍ tók síðan til máls. Hún kvað formann kjörstjórnar VFÍ ekki vanhæfan, þótt hann hafi tekið þátt í samningu laga félagsins.

Árni B. Björnsson, framkvæmdastjóri VFÍ, tók síðan til máls og andmælti Gunnari Hrafn Hall. Logi Kristjánsson tók til máls og andmælti Gunnari Hrafn Hall.

Þá tók formaður kjörstjórnar VFÍ, Arnlaugur Guðmundsson, til máls og sagði úrskurð kjörstjórnar standa og niðurstöður kosninganna því gilda. Hann taldi samt nauðsynlegt að gera lög VFÍ skýrari.

Fundarstjóri bar það upp við fundinn að vísa því til nýrrar stjórnar að lög VFÍ verði skoðuð með tilliti til þessara athugasemda. Var það samþykkt.

Fundarstjórn bar fram dagskrártillögu þess efnis að fjalla um liði 11 og 12, lagbreytingar og reglugerðabreytingar, framar í dagskrána þannig að fjallað verði um þau atriði á eftir lið 4, tillögur félagsstjórnar. Var tillagan samþykkt og svo gengið til dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar VFÍ um störf félagsins á liðnu ári

Páll Gíslason, formaður VFÍ, flutti skýrslu stjórnar.

Hann sagði, að orðspor VFÍ væri mjög gott. Þá minntist hann á Rýniferðir VFÍ og sagði að Dagur verkfræðinnar hafi gefist vel og verið vel sóttur.

Þá minntist hann á Fjölskyldudag verkfræðinnar, sem haldinn var í annað sinn í ágúst 2018. Síðan vék Páll að Öldungadeild VFÍ sem var stofnuð 27. mars.

Hann vék síðan að fjölþjóðlegu samstarfi VFÍ. Kom meðal annars fram að í upphafi árs 2018 gerðist VFÍ aðili að ANE, samtökum félaga verkfræðinga og tæknifræðinga í Noregi, Svíþjóð, Danmörku og nú Íslandi.

Þá sagði Páll að VFÍ hafi veitt vandaðar umsagnir um lagafrumvörp og í undirbúningi er að VFÍ veiti verðlaun til útskriftarnema í verkfræði eins og gert hefur verið undanfarið ár í tæknifræði.

2. Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar

Árni B. Björnsson, framkvæmdastjóri VFÍ, gerði grein fyrir reikningum félagsins.

Rekstrartekjur félagssjóðs VFÍ voru 223,605 milljónir árið 2018.

Tekjur umfram gjöld félagssjóðs VFÍ voru 44,513 milljónir árið 2018.

Skuldir og eiginfé VFÍ námu 246,461 milljónum í árslok 2018.

Skuldir VFÍ voru 24,95 milljónir í árslok 2018 og óráðstafað eigið fé VFÍ var 221,511 milljónir í árslok 2018.

Torfi G. Sigurðsson, skoðunarmaður reikninga VFÍ tók síðan til máls og lagði til að reikningar félagsins yrðu samþykktir.

Þá tóku til máls Gunnar Hrafn Hall og Árni B. Björnsson um reikninga félagsins.

Reikningar VFÍ voru síðan bornir undir atkvæði fundarmanna og samþykktir samhljóða.

3. Fjárhagsáætlun og ákvörðun félagsgjalda

Árni B. Björnsson, framkvæmdastjóri VFÍ, gerði grein fyrir fjárhagsáætlun VFÍ.

Gert er ráð fyrir að rekstrartekjur félagssjóðs VFÍ verði 249,09 milljónir árið 2020 og að tekjur umfram gjöld verði 12,361 milljónir árið 2020.

Samkvæmt endurskoðaðri áætlun er gert ráð fyrir að rekstrartekjur félagssjóðs VFÍ verði 236,265 milljónir árið 2019 og tekur umfram gjöld félagssjóðs VFÍ verði 13,684 milljónir árið 2019.

Gunnar Hrafn Hall spurði út í lögfræðikostnað VFÍ og Árni B. Björnsson svaraði honum.

Páll Gíslason, formaður VFÍ, bar síðan upp eftirfarandi tillögu að félagsgjöldum í VFÍ fyrir árið 2020: „Aðalfundur Verkfræðingafélags Íslands, haldinn fimmtudaginn 11. apríl 2019 kl. 17:00 í Verkfræðingahúsi samþykkir, að félagsgjöld fyrir árið 2020 verð 3.750 kr. á mánuði eða 45.000 á ári.“

Tillagan var samþykkt samhljóða.

4. Tillögur félagsstjórnar

Engar tillögur lágu fyrir.

5. Lagabreytingar

Páll Gíslason, formaður VFÍ, gerði grein fyrir þeim.

Fyrri tillagan felur í sér breytingu á 11. grein laga félagsins. (Það er varðar verkefni stjórnar og ábyrgð. Breytingin felst í því að stjórn ráði endurskoðanda í stað þess að hann sé kjörinn á aðalfundi.)

Þannig hljóðar 11. grein með breytingartillögu stjórnar:

„Stjórn stýrir málefnum félagsins milli félags- og aðalfunda. Stjórnin sér til þess, að skipulag og starfsemi félagsins sé jafnan í réttu og góðu horfi og í samræmi við lög félagsins. **Stjórn ræður endurskoðanda** og annast um, að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins. Stjórn fylgist með störfum deilda, sem eru eða kunna að verða starfræktar. Stjórn skal ráða framkvæmdastjóra og fela honum daglegan rekstur skrifstofu félagsins, sbr. 24.gr.“

Síðari tillagan felst í því að 6. liður 19 gr. laga félagsins er varðar dagskrá aðalfundar er breytt þannig að í stað dagskrárliðarins kjör endurskoðanda og skoðunarmanns komi **kjör tveggja skoðunarmanna**.

Logi Kristjánsson sagðist ósammála stjórn um breytingar á 11. grein. Hann lagði því fram breytingatillögu á tillögum stjórnar um breytingu á 11.gr. og 19.gr. laga félagsins.

Tillaga Loga hljóðar þannig:

11.gr. breytist svo: í stað orðanna: „stjórn ræður endurskoðanda og annast um að...“ komi: **„stjórn tryggir að...“**

19.gr. liður 6 hljóði svo: **„6. Kjör endurskoðanda og tveggja skoðunarmanna.“**

Sveinn Ingi Ólafsson og Kristjana Kjartansdóttir sögðust ósammála tillögu Loga.

Torfi G. Sigurðsson, Bjarni Guðmundsson og Bergþór Þormóðsson lýstu yfir stuðningi við tillögu Loga Kristjánssonar.

Logi Kristjánsson skýrði tillögu sína nánar.

Breytingatillaga Loga Kristjánssonar við lög VFÍ var síðan samþykkt með 16 atkvæðum gegn 13 atkvæðum.

Tillaga að breyttri lagagrein 11 við lög VFÍ var síðan samþykkt með 19 atkvæðum gegn 1 atkvæði.

Upphaf lagagreinar 11 hljóðar þá þannig:

„Stjórn stýrir málefnum félagsins milli félags- og aðalfunda. Stjórnin sér til þess, að skipulag og starfsemi félagsins sé jafnan í réttu og góðu horfi og í samræmi við lög félagsins. Stjórn tryggir að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins. Stjórn fylgist með störfum deilda, sem eru eða kunna að verða starfræktar. Stjórn skal ráða framkvæmdastjóra og fela honum daglegan rekstur skrifstofu félagsins, sbr. 24.gr.“

Þá var 6. liður 19. greinar laga VFÍ skv. breytingatillögu Loga Kristjánssonar samþykkt með þorra atkvæða.

Lagagrein 19, 6. liður hljóðar þá þannig:

6. Kjör endurskoðanda og tveggja skoðunarmanna

Lög VFÍ með áorðnum breytingum voru síðan samþykkt í heild.

6. Reglugerð starfsmenntunarsjóðs VFÍ á almennum markaði

Reglugerðin var borin undir atkvæði fundarins og samþykkt með þorra atkvæða.

7. Lýst kosning stjórnar

Formaður kjörstjórnar, Arnlaugur Guðmundsson, gerði grein fyrir kosningum í stjórnir félagsins, sem fram fóru dagana 1. apríl – 8. apríl 2019.

Fjöldi á kjörskrá var 4.130 og atkvæði greiddu 1.590.

Svana Helen Björnsdóttir var kjörin formaður VFÍ með 760 atkvæðum.

Hlín Benediktsdóttir var kjörin meðstjórnandi með 800 atkvæðum.

Guðrún A. Sævarsdóttir var kjörin varamedstjórnandi með 793 atkvæðum til tveggja ára.

Anna Beta Gísladóttir var kjörin varamedstjórnandi með 738 atkvæðum til eins árs.

8. Kjör endurskoðanda og tveggja skoðunarmanna

Kristinn Gestsson var kjörinn endurskoðandi félagsins til eins árs.

Torfi G. Sigurðsson og Kristjana Kjartansdóttir voru kjörnir skoðunarmenn til eins árs hvort.

9. Lýst kosningu í stjórn Kjaradeildar félagsins

Í framboði til formanns Kjaradeildar VFÍ var einn frambjóðandi, Birkir Hrafn Jóakimsson og hann var því sjálfkjörinn.

Erlendur Örn Fjeldsted var kjörinn meðstjórnandi Kjaradeildar VFÍ með 659 atkvæðum.

Halldór Zoëga var kjörinn meðstjórnandi Kjaradeildar VFÍ með 501 atkvæðum.

Gunnar Sigvaldason var kjörinn varamedstjórnandi Kjaradeildar VFÍ með 474 atkvæðum.

10. Lýst kosningu í stjórn Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi

Í framboði til formanns Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi var einn frambjóðandi, Páll Árni Jónsson og er hann því sjálfkjörinn.

Sigurður Valur Ásbjarnarson var kjörinn meðstjórnandi með 49 atkvæðum.

Bergþór Þormóðsson var kjörinn varamaðstjórnandi með 39 atkvæðum.

Nýkjörinn formaður VFÍ tók til máls, utan dagskrár.

Svana Helen Björnsdóttir, nýkjörinn formaður VFÍ, þakkaði kjör sitt með nokkrum vel völdum orðum og hvarf af fundi.

11. Laun formanns og stjórnarmanna

Skv. 9 lið 19.gr. (Aðalfundur) skal á aðalfundi félagsins ákvarða laun formanns og stjórnar.

Frá samrunafundi VFÍ og SV 2011 hafa laun verið greidd fyrir ábyrgðarstörf fyrir félagið. Eru þau ákveðið margfeldi félagsgjalda.

Launin eru fyrir allt starfsárið (ekki fyrir hvern mánuð þess).

Árni B. Björnsson, framkvæmdastjóri VFÍ, gerði grein fyrir tillögu um laun formanns og stjórnarmanna VFÍ fyrir starfsárið 2019 til 2020.

Tillaga: „Aðalfundur Verkfræðingafélags Íslands, haldinn fimmtudaginn 11. apríl 2019 kl. 17:00 í Verkfræðingahúsi samþykkir, að laun formanns verði 799.200 kr. (18xfélagsgjald 2019). Laun varaformanns verði kr. 266.400 (6xfélagsgjald 2019).

Laun formanns Kjaradeildar verði kr. 532.800 (12xfélagsgjald 2019).

Laun formanns Menntamálanefndar verði kr. 532.800 (12xfélagsgjald 2019)

Aðrir stjórnarmenn aðalstjórnar, stjórnar Kjaradeildar og Deildar sjálfstætt starfandi og stjórnenda fá félagsgjald 2019 fellt niður.“

Hulda Guðmundsdóttir tók til máls um tillöguna og Árni B. Björnsson, framkvæmdastjóri VFÍ, svaraði henni.

Tillagan var samþykkt.

12. Önnur mál

Kynntar voru mínar síður, sem hafa verið teknar í notkun á vef VFÍ.

María Sigríður Guðjónsdóttir fjallaði um stöðu vinnu vegna birtingar ritrýndra greina á vettvangi félagsins.

Þá var fjallað um fyrirhugaðar viðurkenningar, sem veittar verða á næsta Degi verkfræðinnar.

Elsa María Rögnvaldsdóttir, sviðsstjóri kjaramála VFÍ, fjallaði um kjarasamninga félagsins.

Búið er að skipa samninganefndir félagsins.

Gunnar Hrafn Hall tók til máls og óskaði nýrri stjórn VFÍ til hamingju með kjörið. Hann sagði að kosningabátttakan í kosningu VFÍ hafi verið dræm. Hann sagðist ekki sáttur við þjónustu VFÍ. Hann sagði að félagið verði að sinna félagsmönnum sínum betur.

Jóhannes Benediktsson sagðist ánægður með kosningabáttöku hjá VFÍ og fjallaði um rýnisferðir VFÍ.

Páli Gíslasyni og Sveini Inga Ólafssyni voru afhent blóm og þökkuð vel unnin störf í þágu félagsins.

Fundi var slitið kl. 20:00.

Bjarni Guðmundsson, fundarritari.